



Forsætisnefnd

Reglur um hjónavígslur í Ráðhúsi

Þann 28. apríl sl. staðfesti forsætisnefnd reglur um hjónavígslur í Ráðhúsi. Hjalagt er uppfærsla á þeim reglum, dags. 30. maí 2023, þar sem leyfðar eru hjónavígslur á laugardögum. Óskað er eftir að forsætisnefnd staðfesti uppfærslu á reglunum.

Virðingarfyllst,

Tinna Garðarsdóttir
Formaður viðburðarstjórnar

Hjalagt:

Reglur um hjónavígslur í Ráðhúsi, dags. 30. maí 2023

REGLUR

Hjónavígslur í Ráðhúsi

Hægt er að leigja rými fyrir hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða tvo sali á þriðju hæð í norðurhluta Ráðhússins, Turn og Tjarnarbúð ásamt rými í Tjarnarsal. Salir fyrir hjónavígslur eru til leigu mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga milli kl. 10:00-15:00.

1.

Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á sölum Ráðhúss fyrir hjónavígslur, og heldur utan um umsóknir og afgreiðslu þeirra.

2.

Fulltrúi viðburðastjórnar aðstoðar leigutaka við uppsetningu rýmis, dúkar og kertastjakar eru innifalin í leigu. Leiguverð er 30.000 kr. auk vsk á virkum dögum en 40.000 kr auk vsk á laugardögum.

3.

Leigutaki annast alla skipulagningu, aflar nauðsynlegra leyfa og útvegar vígsluaðila og votta. Fulltrúi viðburðastjórnar er á staðnum á meðan á athöfn stendur.

4.

Athöfnin taki að hámarki eina klukkustund og fer fram standandi. Ekki verði fleiri en 50 gestir viðstaddir vígsluna. Aðgengi er tryggt fyrir öll.

5.

Leyfilegt er að skála að athöfn lokinni, ekki er leyft að vera með hrísgrjón, sápukulur, glitpappír (konfetti) og þess háttar. Hægt er að leigja glös í Ráðhúsi sé þess óskað skv. gjaldskrá.

6.

Reglur þessar taka gildi þann 15. maí 2023. Umsjón og umsýsla með þessum reglum er hjá viðburðastjórn Ráðhúss og eru þær staðfestar af Forsætisnefnd.